



Ályktanir

Aðalfundur Samtaka ferðapjónustunnar

Akureyri

29. mars 2007

Ályktun aðalfundar Samtaka ferðapjónustunnar 2007 um markaðsmál -1



- Aðalfundur Samtaka ferðapjónustunnar 29. mars 2007 fagnar góðu gengi í íslenskri ferðapjónustu á síðasta ári sem lýsir sér í 18% aukningu gjaldeyrstekna, 13% fjölgun erlendra ferðamanna og 10% aukning gistinátta á hótelum og gistiheimilum. Árangur þessi hefur m.a. skapast af hagstæðri gengisþróun og auknu sætaframboði til landsins. Miklar breytingar hafa orðið á markaðsstarfi og því mikilvægt að horft sé til framtíðar við skipulag landkynningar og markaðsmála í síaukinni samkeppni á alþjóðamarkaði. Ítrekuð er sú skoðun ferðapjónustunnar að skilja eigi á milli markaðsstarfsemi og annarar stjórnsýslustarfsemi Ferðmálastofu.

Ályktun aðalfundar Samtaka ferðaþjónustunnar 2007 um markaðsmál -2



- Aðalfundur SAF fagnar tillögu forsætisráðherra um að fulltrúar stjórnvalda og atvinnulífsins myndi sérsveit til að skoða fordómalaust hvernig best verði staðið að vinnu við ímynd Íslands. Enn fremur er tekið undir orð bæði forsætisráðherra og utanríkisráðherra nýlega að nauðsyn beri til að menn séu opnir fyrir nýjum hugmyndum og leiðum í þeim efnum. Aukið samstarf í markaðs- og landkynningarmálum mun nýta betur þekkingu, fé og mannafla.

Ályktun um hvalveiðar



- Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar skorar á stjórnvöld að hætta við öll áform um frekari hvalveiðar. Ímynd Íslands er verðmætasta auðlind þjóðarinnar sem ber að efla og verja með öllum ráðum. Aðalfundurinn álítur hvalveiðarnar ekki fallnar til annars en að skaða ímynd Íslands og íslenskra útflutningsvara.

Ályktun



- Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar haldinn 29. mars 2007 fagnar nýjum lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Veitingamenn hafa lengi barist fyrir einföldun leyfisveitinga og einfaldara lagaumhverfi og er meginmarkmiðum náð með lögunum auk þess sem álögum er létt af starfsemi fyrirtækjanna.

Ályktun um landnýtingaráætlun ferðapjónustunnar.



Aðalfundur Samtaka ferðapjónustunnar haldinn 29. mars 2007 skorar á stjórnvöld að vinna landnýtingaráætlun með þarfir ferðapjónustunar í huga á sama hátt og fyrirliggjandi tillaga á Alþingi gerir varðandi nýtingaráætlun og verndaráætlun fyrir auðlindir landsins bæði til lands og sjávar. Nýting náttúruauðlinda til ferðapjónustu er mikilvæg og þarf að kortleggja til að hægt sé að undirbúa fjárfestingu í innviðum og markaðsstarfi.

Ályktun um þjóðgarða



Aðalfundur Samtaka ferðapjónustunnar haldinn 29. mars 2007 álitur að stjórn allra þjóðgarða og verndarsvæða landsins eigi að vera á einni hendi. Stjórnskipulag verður að taka mið af því að það eru aðilar um allt land sem hafa hagsmuna að gæta og brýnt sé að aðkoma einkaaðila sé sem greiðust við framkvæmd þjónustu og sem flestra atriða.

Ályktun um aðgegni



Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar haldinn 29. mars 2007 leggur á það mikla áherslu að tryggð verði gott aðgengi að helstu ferðamannastöðum á ársgrunni þannig að hægt sé að byggja upp ferðaþjónustu sem byggir á náttúru landsins sem heilsárs atvinnugrein.